

# Fréttabréf

Kjörtímabili lýkur

Félagspjónusta sveitarfélaga og málefni fatlaðra

Húsaleigubætur

Íbúðalánasjóður

Fjölskylduráð

Fjöldi sveitarfélaga

Flóttamenn

Bæklingur fyrir útlendinga



### Vinumál

Ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir sem tóku gildi árið 1997 hafa þegar sannað gildi sitt enda hefur atvinnuleysi ekki verið lægra síðan 1990. Með lögunum var sérstakri Vinnumálastofnun komið á fót sem m. a. fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Stofnaðar voru svæðisvinnumiðlanir í öllum kjördæmum landsins. Með þessu er opinber vinnumiðlun gerð markvissari, landið allt eitt vinnusvæði og áhersla lögð á einstaklingsbundna ráðgjöf við endurhæfingu og endurmenntun atvinnulausra.

Samhliða lögum um vinnumarkaðsaðgerðir voru samþykkt ný lög um atvinnuleysistryggingar. Þar var réttur til atvinnuleysisbóta rýmkaður, sett þak á hámarkstíma sem fólk getur verið á bótum en kröfur um virka atvinnuleit hertar.

Stofnaður hefur verið sérstakur Tryggingasjóður einyrkja með gildistöku samnefndra laga. Aðild að honum eiga bændur, smábátasjómenn og vörubílstjórar. Aðrir hópar sjálfstætt starfandi atvinnurekenda geta átt aðild að sjóðnum ef þeir uppfylla tiltekinn skilyrði laganna.

Vinnuklúbburinn samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar tók til starfa árið 1996 og sýndi starfsemi hans strax á fyrstu mánuðunum mikinn árangur og í framhaldi af því var gerð-

## Hvað gerðist á kjörtímabilinu?

Kjörtímabilinu er lokið og í því tilefni gott að rifja upp það markverðasta í starfi félagsmálaráðuneytisins á síðustu fjórum árum. Eftirfarandi yfirlit sýnir það helsta sem gert hefur verið í þeim mörgu og fjölbreyttu málaflokkum sem félagsmálaráðuneytið hefur umsjón með.

## Félagsmálaráðuneytið



ur áframhaldandi samningur um rekstur klúbbsins.

Svæðisvinnumiðlanir og Vinnu-málastofnun hafa sett á fót marg-vísleg úrræði fyrir atvinnulausa. Sérstaklega hefur atvinnuleysi kvenna verið tekið til meðferðar og m.a. hefur menntasmiðjum kvenna verið komið á fót.

Unnið var að því að skapa grunn fyrir fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnu-málastofnunarinnar nr. 156, um starfsfólk með fjölskyldu-ábyrgð og nr. 138, um lágmarksaldur við vinnu. Í samþykkt nr. 156 felast ýmsar skuldbindingar m.a. að stjórnvöld setji aukin markmið til að stuðla að farsælu jafnvægi atvinnu og heimilis og í samþykkt nr. 138 felast skuldbindingar um öryggi og vernd barna við vinnu.

## Félagsþjónusta sveitarfélaga og málefni fatlaðra

Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frumvarpið er væntanlegt. Þjónusta við fatlaða verður felld inn í félagsþjónustuna og sérlög um málefni fatlaðra falla þá úr gildi. Í samræmi við þessar breytingar er frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í vinnslu. Nefndin er komin vel á veg og mun væntanlega ljúka störfum í júní 1999.

Á kjörtímabilinu hefur félagsmálaráðuneytið gert þjónustusamninga við Húsavíkura kaupstað, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjabæ og Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um að sveitarfélögin reki þjónustu við fatlaða. Akureyrarbær hefur rekið þjónustu við fatlaða frá því í byrjun árs 1996 sem reynslusveitarfélag. Félagsmálaráðuneytið hefur einnig gert þjónustusamninga við fleiri aðila og má þar nefna Geðhjálp vegna þjónustu við geðfatlaða og Öryrkjabandalag Íslands vegna reksturs Starfsþjálfunar fatlaðra og Tölvumiðstöðvar fatlaðra.

Nýtt skipurit um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins tók gildi á miðju ári 1997 með það að markmiði að gera starfið skilvirkara en auka jafnframt sérþekkingu á hinum ýmsu tegundum fatlana. Stofnuð voru fjögur fötlunarsvið sem

hvert um sig ber ábyrgð á þjónustu og þekkingaröflun vegna vissra fatlana undir stjórn sviðsstjóra. En auk þess var komið á fót inntöku- og samræmingarsviði. Önnur veigamikil breyting felst í því að aukin áhersla er lögð á rannsóknir, fræðslu og námskeiðahald.

## Fjölskyldumál og málefni barna og unglunga

Barnaverndarstofa hóf starfsemi á miðju ári 1995. Með henni varð til fagleg undirstofnun félagsmálaráðuneytisins sem hefur yfirumsjón með framkvæmd barnaverndarmála í landinu. Á kjörtímabilinu hefur fræðsla og ráðgjöf með störfum barnaverndarnefnda verið aukin og eftirlit með störfum þeirra verið fært til betri vegar. Fósturmál hafa einnig verið endurskipulögð.

tímabilinu.

Félagsmálaráðuneyti stendur ásamt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Reykjavíkureið Rauða kross Íslands og Reykjavíkurborg að rekstri fjölskyldumiðstöðvar til að draga úr áfengis- og vímuefnaneyslu barna á grunnskólaaldri og styðja og styrkja nemendur gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Stefnt er að því að fjölskyldumál á landsbyggðinni verði boðin sambærileg þjónusta og hefur undirbúningur að því staðið frá 1998.

Sjálfraeðisaldur var hækkaður úr 16 árum í 18 meðal annars til þess að gera foreldrum og samfélaginu kleift að taka á fíkniefnavandanum. Í kjölfarið voru strax gerðar nauðsynlegar breytingar á lögum um vernd barna og ungmenna nr. 158/1992, m.a. var heiti laganna



Nefnd sem vinnur að frumvarpi til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, f.v.: Guðjón Bragason, lögfræðingur, Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri, Stefán Hreiðars-son, yfirlæknir og Soffía Lárusdóttir, framkvæmdastjóri.

Barnahús var opnað 1998 en það er samstarfsvettvangur lög-reglu, ríkissaksóknara, lækna og barnaverndarnefnda um rannsóknir á kynferðisbrotamálum gegn börnum. Þar fá þolendur og fjölskyldur þeirra áfallahjálp og meðferð.

Meðferðarkerfi ríkisins fyrir börn og unglunga hefur verið tekið til skoðunar og bætt til muna. Stuðlar, meðferðarstöð ríkisins fyrir unglunga, tók til starfa 1996 og þrjú ný vistheimili hafa einnig tekið til starfa á kjörtímabilinu. Meðferðarrýmum hefur fjölgað úr 40 í 52 á kjör-

breytt og heita þau nú barnaverndar-lög. Nú er unnið að heildarendurskoðun barnaverndarlaganna. Stefnt er að því að frumvarp liggja fyrir í haust.

Þingsályktunartillaga um mótun opinberrar fjölskyldustefnu var lögð fram af félagsmálaráðherra og afgreidd á Alþingi. Hún miðar að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar í þjóðfélaginu og kveður m.a. á um sérstakt fjölskylduráð. Fjölskylduráð var stofnað í ársbyrjun 1998 og hefur starfað síðan.

Stöðugt er unnið að skuldamálum heimilanna. Ráðgjafarstofa um

fjármál heimilanna hefur unnið árangursríkt starf og hefur tekist að bjarga mörgum en nú hafa rúmlega 1.700 manns notið aðstoðar hennar.

Lagaúrræði voru samþykkt á kjörtímabilinu um réttarástoð við gerð nauðasamninga og umsejnanlegar skatta- og meðlagsskuldur. Viðskiptaráðherra og félagsmálaráðherra tóku í sameiningu á ábyrgðarmannakerfinu. Samstarf við lánastofnanir í því skyni er þegar farið að skila sér.

## Flóttamenn og málefni útlendinga

Félagsmálaráðherra ákvað að taka á móti flóttamönnum árlega á kjörtímabilinu og var það gert. Árin 1996 til 1998 tók félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum Flóttamannaráðs, á móti fólki frá lýðveldum fyrri Júgóslavíu. Sveitarfélög hafa sýnt mikinn áhuga á að taka á móti flóttamönnum og framkvæmd móttöku hefur tekist mjög vel. Vegna stríðsástandsins í Kosovo ákvað ríkisstjórnin að taka á móti a.m.k. 100 flóttamönnum frá Kosovo í ár. Hluti hópsins eða 23 komu til landsins í apríl og er von á a.m.k. 50 flóttamönnum í maí. Allt stefnir í að við lok kjörtímabilsins hafi verið tekið á móti allt að 150 flóttamönnunum af sex sveitarfélögum.

Gefinn hefur verið út bæklingur fyrir útlendinga sem hafa í hyggju að setjast hér að. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, rússnesku, tailensku, serbnesku og víetnömsku. Innan skamms kemur út handbók fyrir útlendinga um íslenskt samfélag en félagsmálaráðuneytið hefur í samstarfi við Miðstöð nýbúa staðið að gerð bókarinnar. Í bókinni er farið ýtarlega yfir alla þætti og þýðingu þess að flytjast til landsins.

## Sveitarstjórnarmál

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi sl. vor. Þar er m.a. tekið á ábyrgðaveitingum og fjármálum sveitarfélagna með skýrari hætti en var í eldri lögum svo og nafngiftum sveitarfélaga. Þar er einnig meginatriði að allt landið skiptist nú í sveitarfélög.

Einnig tóku gildi ný lög um kosningar til sveitarstjórna sem reyndust vel í sveitarstjórnarkosningunum í maí 1998.

Veigamiklar breytingar voru gerðar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga á kjörtímabilinu á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 4. mars 1996 um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga 1. ágúst 1996. Með þeim breytingum eru sveitarfélögum tryggðar tekjur til að fjármagna þann hluta kostnaðar við rekstur grunnskólans sem fluttist til sveitarfélaganna, annars vegar með hækkun útsvari og hins vegar með úthlutun jöfnunarframlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga er einnig tryggður framgangur lagaáforma um einsetningu grunnskólans fyrir árið 2002 með ákvörðun um styrkveitingu ríkisins á árunum 1997-2001 og lögbundnu framlagi jöfnunarsjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árunum 1997-2002 en fé þessu á að verja til framkvæmda við grunnskóla sveitarfélaga sem hafa fleiri en 2000 íbúa. Úthlutun þessara framlaga fer einnig fram úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Einnig var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt þannig að sumararbústaðir eru nú flokkaðir eins og útihús í sveitum við álagningu fasteignaskatta. Mikilvægt var að leysa þessa deilu.

Í samræmi við lög um reynslu-sveitarfélög samdi félagsmálaráðuneytið á kjörtímabilinu við 9 sveitarfélög um að þau taki við um 25 verkefnum. Hér er um árangursríka byggðastefnu að ræða.

Á kjörtímabilinu hefur sameining sveitarfélaga tekið kipp. Við upphaf kjörtímabilsins voru sveitarfélögin 169 en í lok ársins 1998 voru þau orðin 124. Enn er útlit fyrir frekari sameiningu sveitarfélaga.

## Jafnréttismál

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var tilraunaverkefni um kynhlutlaust starfsmat hrint í framkvæmd. Ráðinn var sérstakur starfsmaður í ráðuneytið til að hrinda verkefninu af stokkunum. Verk-

efninu er nú lokið og skýrsla væntanleg um miðjan maí. Þetta er marktækt skref til að laga ósæmilegan kynbundinn launamun.

Félagsmálaráðuneyti, iðnaðar-ráðuneyti og Reykjavíkurborg stofnuðu Lánatryggingasjóð kvenna 1997. Markmið Lánasjóðsins er að veita konum sem hafa góðar hugmyndir að nýrri atvinnustarfsemi hvatningu og stuðning til að hasla sér völl sem sjálfstæðir atvinnurekendum.

Komið hefur verið á fót sérstöku tilraunaverkefni um embætti jafnréttisráðgjafa og er hann staðsettur á Blönduósi en þar hefur atvinnuleysi kvenna verið mest. Hlutverk ráðgjafans er að stuðla að aukinni atvinnu kvenna.

Frumvarp nýrra jafnréttislaga var lagt fram á Alþingi til kynningar en ekki vannst tími til að afgreiða það á yfirstandandi þingi.

Ný og metnaðarfull framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um jafnréttismál var afgreidd sem þingsályktun af Alþingi og er vinna samkvæmt henni þegar hafin.

## Húsnæðismál

Húsnæðiskerfið í landinu var tekið til gagngerrar endurskoðunar og samþykkt voru ný lög um húsnæðismál. Íbúðalánasjóður hefur tekið við verkefnum Húsnæðisstofnunar og félagslega eignaribúðakerfinu hefur verið gerbreytt.

Húsaleigubætur hafa verið teknar upp í öllum sveitarfélögum skv. nýjum lögum um húsaleigubætur. Með nýrri reglugerð hækkun grunnfjárhæðir bóta, skerðing vegna tekna var lækkuð og frítekjumark hækkað.

Yfir stendur endurskoðun húsaleigulaga nr. 36/1994 og í vinnslu er viðamikil heildarúttekt á leigumarkaðinum í landinu.

# Bæklingur fyrir útlendinga

Félagsmálaráðuneytið hefur gefið út upplýsingabækling fyrir útlendinga sem flytjast til Íslands, upplýsingar um íslenskt þjóðfélag, réttindi og skyldur.

Í bæklingnum eru m.a. upplýsingar um opinberar stofnanir sem útlendingur þarf einkum að hafa samskipti við til að afla sér frumréttinda við komuna til landsins. Fjallað er um skráningu í landið, dvalar- og atvinnuleyfi einstakra hópa útlendinga, s.s. Norðurlandabúa, ríkisborgara utan sem innan EES, svo og flóttafólk. Í bæklingnum koma fram upplýsingar um framfærslu barna, barnabætur og forsjá barna, svo og um réttarstöðu í hjúskap og óvígðri sambúð. Jafnframt er þar að finna allar helstu upplýsingar um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnavernd, almannatryggingar, heilbrigðisþjónustu, skattamál, skólamál og íslenskunám fyrir fullorðna.

Útkoma bæklingins bætir úr brýnni þörf á að koma upplýsingum um grunnþjónustu til útlendinga á þeirra eigin máli og mun hann liggja frammi á öllum þeim stöðum þar sem hann kemur að bestum notum, s.s. útlendingaeftirliti, Vinnumálastofnun, Miðstöð nýbúa, sendiráðum, Hagstofu Íslands og hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna í landinu.

Bæklingurinn er gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, rússnesku, taílesku, serbnesku og víetnömsku.

Í framhaldi af þessari útgáfustarfsemi mun félagsmálaráðuneytið í samstarfi við Miðstöð nýbúa gefa út innan skamms handbók fyrir útlendinga um íslenskt samfélag, þar sem farið er ýtarlega yfir alla þætti og þýðingu þess að flytjast til landsins.



## Fjölskylduráð

Á síðasta ári var skipað Fjölskylduráð samkvæmt þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Starfsemi fjölskylduráðsins heyrir undir félagsmálaráðuneyti.

Samkvæmt þingsályktuninni er hlutverk ráðsins m. a. að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldunnar, eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, hvetja til

aðgerða á sviði fjölskyldumála í samfélaginu og stuðla að rannsóknnum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. Fjölskylduráð hélt samráðsfund í byrjun febrúar þar sem ýmsum aðilum var boðið til að ræða fjölskyldustefnu og leiðir til úrbóta. Í kjölfarið hélt Fjölskylduráð ráðstefnu þann 8. apríl sl. þar sem fjölmörg erindi voru haldin um fjölskyldumál og fulltrúar stjórnmalaflokka gerðu grein fyrir stefnu sinni í fjölskyldumálum. Bæði samráðs-

fundurinn og ráðstefnan voru liður í undirbúningi að mótun fjölskyldustefnu fyrir ríkisstjórn Íslands.

Fjölskylduráðið skipa Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Dögg Pálsdóttir, hæstaréttarlögmaður, Ólafur H. Sverrisson, bæjarstjóri, Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri, og Sigrún Júlíusdóttir, dósent við Háskóla Íslands. Aðsetur ráðsins er í félagsmálaráðuneyti.

# Endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga

Unnið er að frumvarpi til nýrra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Haustið 1997 skipaði félagsmálaráðherra nefndir og vinnuhópa til að vinna að frumvarpinu og yfirfærslunni. Ennþá eru starfandi, auk verkefnisstjórnar, laganefnd, kostnaðarnefnd og landshlutanefndir. Úttektarhópur og biðlistanefnd hafa lokið störfum.

Verkefni laganefndarinnar er tvíþætt: að fella saman lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 í tilefni af yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og að endurskoða einstök atriði í lögum

um félagsþjónustu sveitarfélaga eftir því sem tilefni er til. Haldnir hafa verið um 25 nefndarfundir auk fjölda vinnufunda og stefnt er að því að nefndin skili tillögum sínum til ráðherra í sumar.

Niðurstöður úttektarhópsins liggja nú fyrir. Í samantekt úttektarhópsins segir að í skýrslunni sé gerð ýtarleg grein fyrir öllum þjónustuþáttum sem fatlaðir njóta eða þeim stendur til boða skv. lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og eru á vegum félagsmálaráðuneytisins. Einnig liggja fyrir upplýsingar um fjölda fatlaðra, aldur, fötlun og þjónustuþörf og gerð er ýtarleg út-

tekt á biðlistum. Upplýsingarnar eru birtar bæði á landsvísu og eftir svæðum.

Biðlistanefndin hefur einnig lokið störfum og birt niðurstöður sínar. Hlutverk hennar var að fjalla um biðlista eftir búsetu og annarri þjónustu hjá svæðisskrifstofum og gera framkvæmdaáætlun til nokkurra ára um uppbyggingu á þjónustu í þágu fatlaðra. Í skýrslunni eru teknar saman helstu niðurstöður og tillögur. Jafnframt er þar að finna áætlun til sjö ára um lausn biðlistanna.

## Starfshópur um menningar- og tómstundamál fatlaðra

Félagsmálaráðherra hefur nýlega skipað starfshóp til að kanna á hvern hátt fatlaðir geti notið lista- og menningarlífs, tómstunda og sumarleyfa á sama hátt og aðrir í þjóðfélaginu.

Í starfshópnum eru: Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, formaður, Guðrún Ögmundsdóttir tilnefnd af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Helgi Hröðmarsson tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, María Hreiðarsdóttir tilnefnd af Þroskahjálpi og Magnús Þorgrímsson tilnefndur af svæðisskrifstofum málefna fatlaðra.

Starfshópurinn hóf störf í október sl. og hefur leitað til ýmissa aðila varðandi upplýsingar um stöðu mála. Þannig var öllum sveitarfélögum í landinu sendur spurningalisti þar sem spurt var m.a. um skipulegt tómstundastarf fyrir börn og unglinga og möguleika til að taka þátt í slíku. Svör

hafa borist frá flestum sveitarfélögum og er unnið að því að ná til þeirra sem enn eiga eftir að svara.

Þá er starfshópurinn að kanna hvernig háttáð er möguleikum fatlaðra til að nýta sér þjónustu almenningsbókasafna í landinu sem þjóna mikilvægu menningarhlutverki. Ennfremur verður kannað hvernig aðstaða fatlaðra er varðandi þátttöku í starfsemi sem fer fram í kirkjum landsins.

Starfshópurinn vinnur einnig að upplýsingasöfnun varðandi aðstöðu fatlaðra til ferðalaga, þ.e.a.s. faratæki, hótél og veitingastaði.

Varðandi sumarleyfi fatlaðra og nýtingu orlofshúsa hefur starfið í nefndinni nú þegar skilað þeim árangri að tekist hafa samningar milli Öryrkjabandalagsins og B.S.R.B. um að fatlaðir fái afnot af orlofshúsum.

Starfshópurinn mun væntanlega skila skýrslu og tillögum í lok maí 1999.

# Íbúðalánasjóður tekur til starfa

Þann 1. janúar sl. tók Íbúðalánasjóður til starfa samkvæmt nýrri húsnæðislaggjöf. Félagsmálaráðherra skipar stjórn Íbúðalánasjóðs til fjögurra ára í senn. Í stjórnina eru skipuð frá 1. janúar 1999 til fjögurra ára Gunnar S. Björnsson, húsasmiðameistari, formaður stjórnarinnar, Hákon Hákonarson, vélvirki, varaformaður stjórnarinnar, Arnbjörg Sveinsdóttir, alþingismaður, Kristín Ástgeirsdóttir, alþingismaður og Árni Gunnarsson, fv. aðstoðarmaður ráðherra. Varastjórn skipa Ingunn Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar á Selfossi, Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður, Kristján Guðmundsson, trésmiður, formaður verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, Kristján Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, og Guðrún Kr. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Starfsmannafélagsins Sóknar. Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðsins hefur verið ráðinn Guðmundur Bjarnason, landbúnaðar- og umhverfisráðherra, og tekur hann við störfum í maí á þessu ári. Starfsmenn Íbúðalánasjóðsins eru tæplega 50 talsins.

Hlutverk Íbúðalánasjóðsins er að standa undir og fjármagna húsnæðislánakerfið samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í verkahring Íbúðalánasjóðsins er að hafa umsjón með húsbrefakerfinu og viðbótarlánnum til þeirra sem búa við þróngan fjárhag ásamt lánnum vegna byggingar leiguhúsnæðis. Bankar og sparisjóðir framkvæma greiðslumat og veita jafnframt ráðgjöf við íbúðakaup. Sækja skal um viðbótarlán til húsnæðisnefndar í því sveitarfélagi sem umsækjandi á lögheimili. Við-

bótarlán geta numið allt að 25% af markaðsverði íbúðar, en heildarlánveiting Íbúðalánasjóðs má þó aldrei vera meiri en 90% af markaðsverði íbúðarinnar. Húsnæðisnefndir sveitarfélaga hafa heimild til að binda skilyrði um veitingu viðbótarlána við innlausnir íbúða í félagslega eignaríbúðakerfinu árin 1999 og 2000.

Íbúðalánasjóðurinn hefur heimild til að stofna til nýrra lánaflokka. Íbúðalánasjóðurinn kemur upplýsingum um hlutverk sitt og þjónustu á framfæri við almenning og hefur þegar gefið út bæklinga auk þess sem hægt er að finna frekari upplýsingar á heimasíðu Íbúðalánasjóðs: „[www.ibudalanasjodur.is](http://www.ibudalanasjodur.is)“.

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að setningu reglugerða skv. lögum um húsnæðismál. Þegar hafa verið birtar eftirtaldar reglugerðir:

- Reglugerð nr. 783/1998 um viðbótarlán
- Reglugerð nr. 2/1999 um úgáfu húsbrefa á árinu 1999 fyrir Íbúðalánasjóð
- Reglugerð nr. 3/1999 um gjaldskrá fyrir Íbúðalánasjóð
- Reglugerð nr. 7/1999 um húsbref og húsbrefaviðskipti
- Reglugerð nr. 72/1999 um varasjóð viðbótarlána
- Reglugerð nr. 224/1999 um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.

Þá er um þessar mundir verið að leggja lokahönd á reglugerð um lánaveitingar til leigubúða og reglugerð um sérstaka lánaflokka Íbúðalánasjóðs.

## Ný reglugerð um húsaleigubætur

Félagsmálaráðherra hefur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga gefið út nýja reglugerð um húsaleigubætur sbr. lög um húsaleigubætur nr. 138/1997 í stað eldri reglugerðar nr. 37/1998.

Helstu breytingar frá eldri reglugerð eru að grunnfjárhæðir bóta og viðbætur vegna barna hafa verið hækkaðar og jafnframt hefur verið dregið úr tekjuskurðingu. Þá hefur

endurgreiðsluhlutfall til sveitarfélaganna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkað úr 50% í 55%.

Með nýju reglugerðinni er grunnstofn hækkaður um 1.000.- kr. og er nú 8.000.- kr. á mánuði. Viðbót vegna barna hækkar um 500.- kr. og er nú 5.000.- kr. fyrir fyrsta barn, 4.500.- kr. fyrir annað og 3.500.- kr. fyrir þriðja. Tekjuskurðing er lækkuð úr 2% í 1% og frí-

tekjumark hækkar í 1.600.000.- kr. í stað 1.500.000.- kr. á ári.

Sérprentun reglugerðarinnar ásamt nýjum bæklingum um húsaleigubætur hafa verið send til allra sveitarfélaga.

# Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 ásamt skýringum og athugasemdum

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út ritið Sveitarstjórnarlög nr. 45/1998 ásamt skýringum og athugasemdum. Sesselja Árnadóttir lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu tók saman rit þetta og samdi skýringar.

Í ritinu er leitast við að skýra einstakar greinar nýrra sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Framsetning ritsins er með þeim hætti að hver grein laganna er tekin sjálfstætt til umfjöllunar. Er umfjöllunin að miklu leyti fræðileg, en jafnframt hafði

höfundur það að markmiði að ritið gæti nýst sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum sveitarfélaga og öðrum sem nokkurs konar handbók við daglega framkvæmd sveitarstjórnarlaganna.

Í inngangi ritsins eru meðal annars raktar helstu breytingar sem orðið hafa á sveitarstjórnarlögum með gildistöku laga nr. 45/1998. Í köflunum á eftir er hins vegar að finna skýringar og athugasemdir við einstakar greinar laganna. Við ritun skýringanna var fyrst og

fremst stuðst við lögskýringargögn (frumvarp, nefndarálit á Alþingi og umræður þar), dóma Hæstaréttar, álit umboðsmanns Alþingis, úrskurði og álit félagsmálaráðuneytisins í sveitarstjórnarmálum 1986 - 1998 og reynslu höfundar af störfum í þessum málaflokki í félagsmálaráðuneytinu.

Ritið er selt á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga og kostar 1.800 kr.

## Sameiningar, ný nöfn og fjöldi sveitarfélaga í árslok 1998

Í árslok 1998 voru sveitarfélögin á Íslandi 124. Ný nöfn á sameinuð sveitarfélög sem staðfest voru á árunum 1998 og 1999 eru:

**Austur-Hérað** (sameinað sveitarfélag Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Hjaltastaðahrepps, Skriðdalsahrepps og Vallahrepps).

**Dalvíkurbyggð** (sameinað sveitarfélag Árkógshrepps, Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps).

**Fjarðabyggð** (sameinað sveitarfélag Eskifjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Reyðarfjarðahrepps).

**Grímsnes- og Grafningshreppur** (sameinað sveitarfélag Grafningshrepps og Grímsneshrepps).

**Norður-Hérað** (sameinað sveitarfélag Hlíðahrepps, Jökuldalshrepps og Tunguhrepps).

**Sveitarfélagið Árborg** (sameinað sveitarfélag Eyrarbakkaahrepps, Sandvíkurhrepps, Selfossbæjar og Stokkseyrarhrepps).

**Sveitarfélagið Hornafjörður** (sameinað sveitarfélag Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar).

**Sveitarfélagið Skagafjörður** (sameinað sveitarfélag Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps).

**Húnaþing vestra** (sameinað sveitarfélag Fremri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Staðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Þorkelshólshrepps og Þverárhrepps).

**Borgarfjarðarsveit** (sameinað sveitarfélag Andakílshrepps, Hálsahrepps, Lundarreykjadalshrepps og Reykholtaldshrepps).

Einnig er vakin athygli á að ráðuneytið hefur staðfest breytingu á nafni Ölfushrepps. Það sveitarfélag heitir nú **Sveitarfélagið Ölfus**.

# Móttaka flóttamanna 1999

Líkt og undanfarin ár hefur ríkisstjórnin ákveðið að taka á móti hópi flóttamanna. Það sem er óvenjulegt í ár er að vegna hins mikla flóttamannavanda sem orðið hefur vegna þjóðernishreinsana hers Júgóslavíu í Kosovo, hefur ríkisstjórnin ákveðið að í ár verði eitt hundrað flóttamönnum veitt landvist hér á landi, sem er mikil fjölgun frá fyrri árum. Var Rauða krossi Íslands og Flóttamannaráði Íslands falið að annast framkvæmd móttökunnar.

Þegar eru 23 flóttamenn frá Kosovo komnir til landsins og ákvað ráðuneytið að þekkjast höfðinglegt boð Hafnarfjarðarbæjar um að taka við því fólki, þrátt fyrir að lítill tími hafi gefist til undirbúnings. Búist er við 50 flóttamönnum til viðbótar í byrjun maí og mun fólkið setjast að í Fjarðabyggð og á Dalvík.

Margir flóttamannanna eiga um sárt að binda eftir að hafa misst allar eigur sínar á flóttanum. Þá hafa borist fregnir af voðaverkum hermanna og lögreglu í garð flóttafólks og hafa margir þurft að skilja við ástvini sína án þess að hafa tryggingu fyrir því að hitta þá nokkru sinni framár á lífi. Er því mikilvægt að íslenska þjóðin leggist á eitt um að veita fólkinu skjól og hafa ráðamenn lýst því yfir að hér sé fólkinu velkomið að vera svo lengi sem það sjálft kýs. Viðbrögð almennings hafa fram að þessu einnig verið með þeim hætti að engin ástæða er til að ætla annað en að flóttafólkinu muni finnast það velkomið í nýju landi.



Af fundi flóttamannaráðs f.v: Ólafur W. Stefánsson, dómsmálaráðuneyti, Hólmfríður Gísladóttir, Rauða krossi Íslands, Jón Ingi Einarsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gréta Gunnarsdóttir, utanríkisráðuneyti, Hrafn Pálsson, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og Guðjón Bragason, félagsmálaráðuneyti.

## Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

10. árg. 1. tbl. maí 1999  
Ábyrgðarmaður: Húnbogi Þorsteinsson  
Ritstjóri: Áslaug Friðriksdóttir  
Útlitshönnun: Ydda auglýsingastofa  
Prentvinnsla: Prentsmiðjan Viðey ehf.  
Útg. félagsmálaráðuneytið,  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu,  
101 Reykjavík  
Netfang: [aslaug.fridriksdottir@fel.stjr.is](mailto:aslaug.fridriksdottir@fel.stjr.is)